



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands
Bakka 1 765 Djúpavogi

Múlaþing
Lyngás 12
700 Egilsstaðir

Djúpivogur, 12. júlí 2023
MÍ202306-0149/ 6.10 / Þ.E.H.

Efni: Hafursá, Múlaþing - skógræktaráform

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi sveitarfélagsins Múlaþings frá 3. júlí 2023 sem og erindi Skógræktarinnar frá 26. júní 2023 þar sem óskað var eftir álitni stofnunarinnar varðandi fyrirhuguð skógræktaráform í landi Hafursá, Múlaþingi. Meðfylgjandi erindunum var afmörkun á fyrirhuguðu skógræktarsvæði og reitarkort en einnig barsat stofnuninni samningssvæði og hnitsetning framkvæmdarsvæðisins frá Skógræktinni.

Nýrækt skóga getur haft í för með sér umbyltingu lands og þar með raskað einstökum fornleifum sem þar kunna að vera. Allar fornleifar á Íslandi eru friðaðar en friðunin felur í sér að óheimilt er að raska, hylja eða á nokkurn hátt breyta fornleifum nema með leyfi og að uppfylltum þeim skilyrðum sem Minjastofnun Íslands kann að setja. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja skv. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og 5. gr. reglna um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019. Með því að skrá fornleifar er hægt að taka fullt tillit til þeirra í skipulagi skógræktarsvæða og koma þannig í veg fyrir að þær verði fyrir skemmdum.

Fyrirhugað skógræktarsvæði er samkvæmt samningssvæði um 298.75ha að stærð en framkvæmdarsvæðið er um 176ha. Ekki liggur fyrir fornleifaskráning sem nær yfir fyrirhugað framkvæmdarsvæði og er þar með ekki vitað hvar fornleifar kunna að leynast innan þess. Samkvæmt framkvæmdarleyfisumsókn er gert ráð fyrir útvistaraskógrækt á svæðinu, s.s. gönguslóðum, áningarstöðum, bílastæðum og útsýnissvæði.

Áður en framkvæmdarleyfi er gefið út þarf að skrá fornleifar í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis en einnig þar sem fyrirhugað er að fara í framkvæmdir eins og vegna stígagerðar og gerð áningarstaða ef þeir falla utan við skógræktarsvæðið. Sýnilegar fornleifar skulu mældar upp og útlínur þeirra færðar inn á uppdrátt fyrirhugaðs skógræktarsvæðis svo fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða fornleifanna, sem og punktar þar sem ekki sést til þeirra á yfirborði. Ef hús eða mannvirki eru innan svæðisins þarf að taka saman yfirlit um þau til að hægt sé að leggja mat á það hvort kalla þurfi eftir frekari skráningu þeirra. Vert er að taka fram að framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þá skráningu sem og

**Þuríður Elísa
Harðardóttir**

Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

mögulega frekari rannsóknir sem gera þarf vegna framkvæmdanna, sbr. 28. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Fyrirhuguð skógræktaráform þurfa að koma aftur til umsagnar hjá stofnuninni þegar fornleifaskráning liggur fyrir. Í kjölfarið getur Minjastofnun tekið afstöðu til þess hvort að menningarminjar séu í hættu vegna fyrirhugaðrar skógræktar. Rétt er að vekja athygli á því að skráningu fornleifa á tilteknu svæði telst ekki lokið fyrr en skráin hefur hlotið staðsetningu Minjastofnunar Íslands skv. 15. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsfulltrúi Skógræktarinnar (pall.sigurdsson@skogur.is)